

kveðnum 25. maí 1974, skal fullnægt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00.

Þriðjudaginn 25. júní 1974.

Nr. 40/1974: **Ákærvaldið**

(saksóknari ríkisins Þórður Björnsson)

gegn

Guðna Óskarssyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Manndráp.

Dómur Hæstarétts.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa svipt Stefán Egilsson, Volaseli, A-Skaftafellssýslu, lífi með haglabyssuskotum árla morguns sunnudag 28. janúar 1973 að Miðtúni 23, Höfn í Hornafirði.

Sakargögn eru reifuð í héraðsdómi, og er sakarlýsing í samræmi við þau. Í Hæstarétti hefur verið lagður fram uppdráttur af herbergjaskipan að Miðtúni 23 og af næsta nágrenni svo og úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða til 29. júní 1974.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var gott vinfengi með Stefáni heitnum Egilssyni og ákærða og hafði staðið áratugum saman. Stefán heitinn kom til ákærða að kvöldi laugardags

27. janúar 1973 á heimili hans, Miðtúni 23 á Höfn í Hornafirði. Þá Stefán þar mat. Samkvæmt frásögn ákærða hófu þeir drykkju upp úr klukkan 1900. Er sýnilegt, að þeir neyttu mikils magns af sterkum drykkjum þá um nóttina. Við lögregluþyrirslu skýrði eiginkona ákærða svo frá, að hún hefði tekið á sig náðir um klukkan 0200 um nóttina og hefði þá allt verið með felldu um hagi þeirra félaga. Konan kveðst hafa vaknað um klukkan 0600 um morguninn. Hefði þá skipast svo milli þeirra félaga, að þeir voru farnir „að kýta og stimpast“. Kveðst konan hafa reynt að stilla þá, en gengið illa. Hún telur, að ákærði hafi viljað koma Stefáni út úr húsinu, og kveður hún hann tvívegis hafa beðið sig að hringja til lögreglu, en ekki tókst henni að ná sambandi við nafngreindan lögreglumann, sem hún hringdi til. Barn þeirra hjóna mun hafa rumskað, og sneri konan sér þá að því að róa það. Telur hún ákærða hafa farið inn í svefnherbergi það, er barnið svaf í, sótt þangað haglabyssu og síðar skotfæri að því er vitnið telur. Skömmu síðar heyrði konan skothvell, einn eða fleiri. Kveðst hún litlu síðar hafa hringt til Ingólfs Waage lögreglumanns, og ræddu þau hjón við hann, svo sem rakið er í héraðsdómi. Lögreglumaðurinn kveður klukkuna hafa verið 0705, er síminn hringdi hjá honum. Þegar saman eru borin og virt vætti vitna, sem rakin eru í héraðsdómi, verður að leggja til grundvallar, að skotunum hafi verið hleypt af klukkan 0700, svo að eigi getur skeikað nema örfáum mínútum til eða frá.

Sannað er með játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði skaut tveimur skotum úr haglabyssu sinni innan úr húsinu. Leggja verður til grundvallar, að fyrra skotinu hafi hann skotið gegnum krossviðarspjald í efri hluta útidyrarhurðar úr anddyri fyrir innan hurðina. Vætti Tómasar Tómassonar og Eiríks Sigfinnssonar veita eindregna vísbendingu um, að það skot hafi eigi hæft Stefán Egilsson, og styðst það einnig við verksummerki. Eftir það telur ákærði líklegast, að Stefán Egilsson, er stóð fyrir utan húsið, hafi slegið inn krossviðarspjaldið, en annað veifið kveður ákærði sig þó hafa talið, að það væri einhver annar en Stefán Egils-

son, er stóð fyrir utan húsið. Telur ákærði líklegast, að maðurinn hafi verið alveg við opið eftir krossviðarspjaldið, þegar síðara skotið reið af. Ákærði telur, að þetta skot hljóti að hafa hæft manninn og hafi efri hluti líkama mannsins hallast inn um op þetta. Hafi manninum blætt inn um opið og sé það skýringin á því mikla blóði, sem var innan á hurðinni og í anddyrinu. Þessi skýring ákærða fær stóð í skýrslum lögreglumannanna Elíasar Jónssonar og Ingólfs Waage, sem setja einnig fram þessa tilgátu. Í krufningarskýrslu segir, að skotáverkar á líkinu bendi til þess, að skotið hafi verið á Stefán heitinn „úr mjög stuttri fjarlægð“. Áverkar á lófa staðfesti, að vinstri hönd Stefáns hafi „verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og sýni, að ekki hafi fjarlægðin frá innskotsopinu á brjóstakassa verið meiri en sem nemur handleggslengd“. Lík Stefáns Egilssonar lá um 2 m frá húsinu, skáhallt við útidyrarpall, er lögreglumenn og héraðslækni bar að. Ákærði telur sig enga skýringu geta gefið á því, að líkið var þetta langt frá dyrunum. Allt að einu verður með vísan til framanritaðs að leggja skýrslu ákærða um stöðu Stefáns, er hann varð fyrir skotinu, til grundvallar dómi í málinu.

II.

Svo sem áður greinir, kveðst eiginkona ákærða hafa vaknað um klukkan 0600 sunnudagsmorguninn 28. janúar 1973 við það, að þeir ákærði og Stefán hafi verið farnir að kýta og stimpast. Hún telur sig eigi geta gert grein fyrir því, hvað valdið hafi sundurlyndi þeirra né hvers efnis ögrunar- og skammaryrði voru, er féllu milli þeirra. Hér hafi verið um „marklaust hjal ölóðra manna“ að ræða. Í héraðsdómi er rakinn framburður þessa vitnis, m. a. um tilraunir til að róa Stefán heitinn og fá hann til að sofna þar í íbúðinni svo og um átök þeirra ákærða, er mögnuðust upp úr því. Kveður hún ákærða hafa sagt, að Stefán hafi leitað á sig kynferðislega, svo sem síðar greinir. Þá kveður hún ákærða hafa hent Stefáni út og læst dyrunum, en Stefán hafi viljað komast inn „og barði látlaust á hurðina“. Telur hún, að sú barsmíð hafi staðið „dálitla stund“. Samkvæmt krufningarskýrslu voru

nokkur djúp húðfleiður á hnúum fingra hægri handar Stefáns heitins. Stúlkurnar fimm, sem fóru fram hjá Miðtúni 23, sennilega um 10 mínútum fyrir klukkan 0700, bera það allar, svo sem rakið er í héraðsdómi, að þær hafi séð mann inni í anddyrinu, sem þær flestar telja sig hafa borið kennsl á og hafi verið ákærði, liggja ofan á manni, er þær telja hafa verið Stefán Egilsson. Hafi þær heyrt ákærða spyrja Stefán, hvort hann ætlaði ekki út, en hann hafi svarað því neitandi. Staðfestir vætti þeirra, að átök hafi átt sér stað milli þeirra ákærða og Stefáns og að ákærði hafi viljað koma honum út úr húsinu með valdi. Langlíklegast er, að þá Tómas Tómasson og Eirík Sigfinnsson hafi borið að örlitlu síðar. Í vætti þeirra greinir, að þeir hafi báðir séð Stefán Egilsson á útidyrapallinum við húsið Miðtún 23 og hafi hann verið að reyna að komast inn í húsið, en þeir telja, að dyrnar hafi þá verið lokaðar. Bendir vætti þeirra, miðað við líklega atburðarás, til þess, að ákærða hafi tekist að koma Stefáni út úr húsinu.

Með vísan til framanritaðs er sannað, að Stefán Egilsson varð fyrir skoti úr haglabyssu, er ákærði skaut innan úr húsi sínu um klukkan 0700 sunnudag 28. janúar 1973, og hlaut Stefán bráðan bana. Báðir mennirnir voru mjög ölvaðir. Ákærði gerði sér samkvæmt eigin framburði grein fyrir, að Stefán eða e. t. v. annar maður var rétt við útidyrnar. Allt að einu skaut hann úr haglabyssu sinni út um op á hurðinni með þeim afleiðingum, er að framan greinir. Verður að virða honum háttsemi þessa og afleiðingar hennar til ásetnings, en ölvun hans leysir hann eigi undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til skýrslu um geðheilbrigði ákærða, sem rakin er í héraðsdómi, ber enn fremur að fallast á það mat héraðsdóms, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sitt. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Hgmyndir ákærða hafa vísast verið þokukenndar, og sýnt er, að hann var í mikilli hugaræsingu vegna átaka við Stefán

Egilsson. Óljóst er, hvað valdið hafi ágreiningi þeirra og síðar átökum aðfaranótt 28. janúar 1973, og yfirleitt um aðdraganda þessa verknaðar. Framburðir ákærða á dómþingum 28. janúar og 8. febrúar 1973 um þær hugrenningar, að Stefán Egilsson hafi leitað á hann kynferðislega, eru raktar í héraðsdómi svo og frásögn þeirra lögreglumannanna Guðmundar Svavarssonar og Ingólfs Waage um sama efni. Hér að framan er rakinn framburður eiginkonu ákærða um það, sem hún hefur eftir ákærða um þetta. Ákærði segir í þinghaldi 28. janúar 1973, að þessi hugmynd „hljóti að hafa verið einhver vitleysa í sér“, og í þinghaldi 8. febrúar 1973 segir hann afdráttarlaust, að Stefán heitinn hafi eigi verið kynvilltur. Ákærði telur mann þann, sem var fyrir utan húsdyrnar, hafa reynt að brjótast inn í húsið og hafi það m. a. valdið því, að hjá honum myndaðist sá ásetningur að skjóta af hagla-byssunni.

Eigi þykir unnt, eins og hér stendur á, að beita 75. gr. almennra hegningarlaga né 74. gr., 1. málsgr., 4. tölulið, sömu laga. Allt að einu ber að hafa í huga þau sérstæðu atvik að broti ákærða, sem hér hafa verið reifuð, þegar refsing er dæmd. Þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldsvist óslitið síðan 28. janúar 1973. Ber að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist hans komi með fullri dagatölu til fádráttar refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 130.000.00.

Á rannsókn og meðferð máls þessa eru nokkrir ágallar. Lögreglumaður sá, er fyrst kom á vettvang, hvarf þaðan stutta stund og skildi ákærða þar eftir einan. Þá var vettvangsrannsókn í upphafi eigi jafnrækileg sem skyldi. Eigi var ákærða tekið blóðsýni til ákvörðunar á ölvunarástandi hans. Héraðsdómari hefur látið ýmsa þá, sem skýrslur gáfu fyrir lögreglumönnum, staðfesta skýrslur sínar, án þess að þeir gæfu fyrst sjálfstæðar skýrslur í dómi um atvik máls,

og er það andstætt 73. gr. laga nr. 82/1961 og nú laga nr. 73/1973. Samprófa hefði átt lögreglumennina Guðmund Svavarsson og Ingólf Waage við ákærða svo og lögreglumennina innbyrðis. Þá hefði átt að taka skýrslur af því fólki á Höfn í Hornafirði, sem eiginkona ákærða hitti, þegar eftir að viðburðir þeir urðu, sem eru efni þessa máls.

D ó m s o r ð :

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, Guðna Óskarssonar, frá 28. janúar 1973 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 130.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 6. nóvember 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. nóvember, var í sakadómi Skaftafellssýslu, sem haldinn var að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, af Einari Oddssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 7/1973: Ákæruvaldið gegn Guðna Óskarssyni, sem tekið var til dóms 19. október s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins á hendur Guðna Óskarssyni bifreiðarstjóra, Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, fyrir manndráp með því að hafa svipt Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, lífi með haglabyssuskoti árla morguns sunnudaginn 28. janúar 1973 að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði.

Í ákæru telst verknaður þessi varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24.

júlí 1931 á Höfn í Hornafirði, hefur ekki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 28. janúar 1973, klukkan 0705, var barið að dyr-um hjá Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni, Höfn, Hornafirði, sem hefur borið vætti í máli þessu.

Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson var þá nýkominn af næturvakt. Sá, sem kvaddi dyra, var Eiríkur Sigfinnsson, til heimilis Stóru-Lág, Nesjahreppi, sem einnig hefur komið fram sem vitni í máli þessu. Vitnið Eiríkur Sigfinnsson, sem í umrætt sinn kveðst hafa verið undir nokkuð miklum áhrifum áfengis, tjáði Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni, að hann hefði heyrt skothvell í húsinu nr. 23 við Miðtún og séð blóðugan mann þar fyrir utan. Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson ók þegar að húsinu nr. 23 við Miðtún og telur sig hafa verið kominn þangað um klukkan 0710. Vitnið fann þar á staðnum Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, liggjandi í blóði sínu ca 2 metra frá húsinu, hægra megin við innganginn. Hann lá á bakinu, og var hægri fótur krepptur um hné og vinstri handleggur teygður út frá líkam-anum. Vitnið laut niður að Stefáni, og fannst því hann vera lát-inn, enda alblóðugur og illa útleikinn.

Vitnið fór því næst inn í húsið, og er það kom inn í anddyrið, mætti það ákærða, Guðna Óskarssyni. Vitnið spurði ákærða, hvað hefði gerst, og samkvæmt frásögn vitnisins svaraði hann spurningu vitnisins þessum orðum: „Ég skaut dónann, hann nauðgaði mér.“

Eftir að vitnið hafði gengið úr skugga um, að ekki væri fleira fólk í húsinu, fór vitnið og sótti Ingólf Waage lögregluþjón. Þeir fóru síðan á staðinn og handtóku ákærða, sem var ölvaður, en ró-legur. Enn fremur var Kjartan Árnason héraðslæknir kvaddur á staðinn, og úrskurðaði hann Stefán Egilsson látinn. Þá kom Elías Jón Jónsson lögregluvarðstjóri á staðinn og tók myndir af vett-vangi.

Samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavars-sonar var þannig umhorfs á vettvangi:

Stefán heitinn Egilsson lá, eins og áður er sagt, ca 2 m frá húsinu. Hann var skólaus í skyrtu og buxum, og hafði blóð runnið úr vitum hans.

Við nánari athugun sást, að mikið blóð var á útidyráhurð húss-ins nr. 23 við Miðtún, utanverðri, og einnig á dyrapallinum fyrir utan. Einnig var blóð á innanverðri hurðinni og blóðpollur utan við þröskuldinn, og hafði blóðið sýnilega runnið niður hurðina

innanverða. Sýnilega hafði blóðið verið þurrkað af útidyrhurðinni innanverðri. Blóðslettur voru á millivegg inni í gangi hússins, en upp við hann var reist krossviðarspjald með gati á, en á því voru einnig blóðslettur. Í anddyrinu voru skór Stefáns Egilssonar, úlpa hans og peysa og bíllyklar. Smáblóðslettur sáust sums staðar inni í húsinu, svo sem á gólfinu, í ganginum og í eldhúsinu.

Við eldhúsvaskinn lá armbandsúr Stefáns Egilssonar, alblóðugt, með slitnu armbandi, en í anddyrinu fannst hlekkur úr því.

Á borði í hornherbergi voru tveir diskar með matarleifum, tvö glös með áfengisblöndu í, reykjarpípa Stefáns og veski hans.

Á gólfinu lágu öskubakkar, aska, cigarettur og fleira drasl, sem benti til þess, að þarna hefðu ryskingar átt sér stað.

Samkvæmt frásögn vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage lögregluþjóns var hringt til lögreglunnar sunnudaginn 28. janúar s.l. klukkan 0705, og var hún beðin að koma að húsinu nr. 23 við Miðtún vegna skotárásar.

Mun eiginkona ákærða, Hulda Sigurðardóttir, hafa gert það, en hún virtist mjög miður sín í símanum, og kom þá ákærði í símann og kvaðst hafa verið að skjóta mann. Vitnið hringdi til Kjartans Árnasonar héraðslæknis og bað hann að koma á staðinn. Síðan fór vitnið ásamt vitninu Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni í húsið nr. 23 við Miðtún, þar sem þeir handtöku ákærða og færðu í fangaklefa.

Samkvæmt framburði vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage sat ákærði á stól í setustofu í Miðtúni 23, þegar þeir komu. Hann var greinilega ölvaður, en rólegur. Eiginkona ákærða var þá farin úr húsinu með barn þeirra.

Samkvæmt framburði síðastnefnds vitnis komst ákærði þannig að orði við þetta tækifæri: „Ég skaut þetta helvítis fífl“. Í framhaldi af því talaði ákærði um, að sá, sem hann skaut, hefði leitað á sig kynferðislega. Sagðist ákærði fyrst hafa skotið aðvörunarskoti út um krossviðarspjald, sem var í útidyrhurðinni, en síðan hafi hann skotið manninn með haglabyssu, sem hann kvaðst eiga.

Vitnið hafði samband við eiginkonu ákærða, Huldu Sigurðardóttur, sem var stödd í mótuneyti Kaupfélags Austur-Skaftfell-inga. Hún vísaði á fyrrnefnda haglabyssu, sem hún kvaðst hafa falið undir rúmi í herbergi sonar síns.

Þar fann vitnið byssuna, og var 1 tómt skothylki í henni af gerðinni Seller Belliot, cal 12, haglastærð nr. 4. Enn fremur fundust á heimili ákærða 3 rifflar, sem lögreglan tók einnig í sína

vörslu. Vitnið Ingólfur Arnar Jóhannsson Waage fann einnig tómkt skothylki í gangi hússins af sömu gerð og það, sem í haglabyssunni var.

Útidyrður hússins var bráðabirgðahurð. Í henni var krossviðarspjald, sem var á bak við hurðina, þegar vitnið kom á staðinn. Greinilegt skotgat eftir haglabyssu var ofarlega á spjaldinu.

Lýsing vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage af vettvangi er í meginatriðum samhljóða lýsingu vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavarssonar, sem rakin hefur verið hér að framan.

Vitnið Elías Jón Jónsson lögregluvarðstjóri segir, að sunnudaginn 28. janúar s.l., um klukkan 0715, hafi lögreglan hringt til sín og sagt, að maður hefði verið skotin til bana að Miðtúni 23, Höfn, og beðið sig að koma á staðinn.

Vitnið klæddi sig og fór þangað. Vitnið telur, að í mesta lagi hafi liðið 10 mínútur, frá því að lögreglan hringdi og þar til það var komið á staðinn. Þar hitti vitnið Kjartan Árnason héraðslækni, sem tjáði því, að ákærði mundi hafa skotið Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi.

Vitnið leit því næst á lík Stefáns, sem lá ca 2 m frá dyrum hússins, og sneri höfuðið í suðaustur. Héraðslæknirinn sýndi vitninu áverka á brjóstakassa líksins vinstra megin, og taldi hann, að maðurinn hefði látist samstundis. Mikið blóð var á dyrapalli við útdyr og á útihurð. Einnig gaf þar að líta litlar gráleitar flygsur, sem vitnið taldi vera lungnavef. Þá var einnig talsvert blóð á dyrunum sjálfum. Spjald, sem hafði verið í útidyrðurinni að ofan, var farið úr, og virtist blóð hafa runnið bæði út og inn, líkt og Stefán hefði legið hálfur inn um gatið. Þá var og sýnilegt, að reynt hafði verið að þurrka blóð af hurðinni fyrir neðan gatið.

Síðan ljósmyndaði vitnið vettvang, m. a. krossviðarspjaldið, sem sýnilega hafði verið í útidyrðurinni. Spjaldið var í ganginum á bak við hurðina, þegar hún opnaðist. Á spjaldinu var skotgat ofarlega, sýnilega eftir haglabyssu.

Varðandi tilraun þá, sem gerð hafði verið til þess að hreinsa blóð af útidyrðurinni, getur vitnið þess, að einnig hafi því virst nokkur slík merki á gólfi í ganginum, líkast því að hætt hefði verið fljótlega við verkið.

Í herbergi inni af gangi var sýnilegt, að einhver átök höfðu átt sér stað. Húsgögnin sum voru í óeðlilegum stellingum, öskubakki og aska á gólfi. Þarna inni voru einnig tveir diskar með matarleifum, tvö glös með áfengisblöndu, reykjarpípa Stefáns og veski hans, tóm ölglös og áfengisflaska. Smáblöðslettur voru hingað og

þangað inni í húsinu, svo sem í gangi inn af anddyri, í eldhúsi og á snyrtingu.

Af þessu var reynt að ná ljósmyndum svo og legu líksins og vettvangi öllum.

Vitnið Kjartan Árnason héraðslæknir skýrði svo frá, að lögregla hefði hringt klukkan 0715 að morgni sunnudagsins 28. janúar s.l. og beðið hann að koma að Miðtúni 23, vegna þess að maður hafi verið skotinn.

Vitnið fór strax á staðinn og fann þar fyrir Stefán Egilsson frá Volaseli í Lóni. Við nánari athugun sá vitnið, að Stefán var látinn af völdum stórs skotsárs vinstra megin á brjósti, en afleiðingar þessa sárs hljóta að hafa verið mikil og skyndileg blæðing.

Telur vitnið, að Stefán hafi látist samstundis. Utan við útidyrarþröskuld hússins og á honum sá vitnið mikið blóð.

Ákærði í máli þessu, Guðni Óskarsson bifreiðarstjóri, Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, var úrskurðaður í gæsluvarðhald sunnudaginn 28. janúar s.l. og hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan. Hann kom fyrir rétt að kvöldi hins 28. janúar. Hann var þá spurður að því, hvort hann hefði orðið Stefáni Egilssyni að bana. Ákærði svaraði spurningunni með orðunum: „Það hlýtur að vera.“ Ákærði skýrði þá svo frá málavöxtum:

Að kvöldi hins 27. janúar s.l. sátu þeir að drykkju að heimili ákærða að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, hann og Stefán Egilsson, Volaseli. Um nóttina fóru þeir út að labba, að því er ákærði telur. Síðan fóru þeir aftur heim í hús ákærða. Þar urðu þeir ósáttir, svo að til átaka kom á milli þeirra, fyrst inni, en síðan við útidyr hússins, að því er ákærði telur. Þeir voru báðir mikið drukknir og ákærði í svo ríku mæli, að hann þekkti ekki Stefán Egilsson, en hélt, að það væri ókunnur maður. Ákærði segir, að maðurinn hafi farið upp á bak sér og fannst honum, að hann ætlaði að hafa mök við sig. Ákærði kveðst hafa hent manninum út, en þá byrjaði hann að berja á útidyrhurðina. Ákærði segir, að sér hafi þá fundist, að ókunnur maður væri að brjótast inn til sín. Þá kallaði ákærði til hans, að hann mundi skjóta, ef hann hætti ekki að berja og færi. Þegar maðurinn hélt áfram barsmíðinni, tók ákærði haglabyssu, sem hann átti, nr. 12, 5 skota pumpu, sem kölluð er, og hlóð hana.

Ákærði sagðist síðan hafa skotið 2 skotum í gegnum krossviðarspjald, sem var í útidyrhurðinni, til þess að hræða manninn í burtu.

Á krossviðarspjaldinu reyndist hins vegar ekki vera nema eitt

skotgat, eins og kemur fram í framburðum vitnanna Guðmundar Kristjáns Svavarssonar, Ingólfs Arnars Jóhannssonar Waage og Elíasar Jóns Jónssonar, sem raktir hafa verið hér að framan.

Ákærði kom aftur fyrir dóminn 8. febrúar 1973. Hann skýrir þá svo frá, að krossviðarspjaldið í útidyráhurðinni að Miðtúni 23 hafi verið fest á hornunum að innanverðu með 4 nöglum, og minnir hann, að þarna hafi verið um 1½ eða 2ja tommu nagla að ræða, sem ekki hafi verið kafreknir, heldur beygðir út af.

Segir ákærði þá, að Stefán heitinn hljóti að hafa slegið krossviðarspjaldið inn. Enn fremur segir ákærði síðan aðspurður, að hann hljóti að hafa skotið síðara skotinu í gegnum gatið á spjaldlausri hurðinni, enda þótt hann muni það ekki. Enn fremur segist ákærði ekki hafa áttað sig á því, að Stefán Egilsson hafi verið fyrir utan dyrnar, enda hafi verið myrkur. Hann segist álíta, að eiginkona sín hafi sagt sér frá því, að hann hafi skotið manninn.

Ákærði segir, að eiginkona sín, Hulda Sigurðardóttir, hafi komið heim um klukkan 8 síðdegis, að því er hann heldur, laugardaginn 27. janúar s.l. Þá sátu hann og Stefán Egilsson þar að drykkju, sem þeir höfðu byrjað um sjöleytið. Stefán Egilsson hafði komið milli klukkan 6 og 7 þennan dag. Heimsókn hans var ekki fyrirfram ákveðin, en ákærði segir, að Stefán hafi oft komið á heimili sitt til þess að spjalla og horfa á sjónvarp.

Þegar Stefán Egilsson kom, segist ákærði hafa átt ½ flösku af vodga. Stefán kom líka með vodga, en ákærði veit ekki, hve margar flöskur það voru. Hann segist muna, að Stefán hafi a. m. k. sótt 2 flöskur af pólskum vodga út í bifreið hans, sem stóð þar fyrir utan.

Þegar eiginkona ákærða kom heim, voru þeir að horfa á sjónvarpið. Að sjónvarpinu loknu héldu þeir áfram drykkju og ræddust við. Ákærði kveðst ekki muna, um hvað þeir töluðu, en telur, að tal þeirra hafi snúist um bíla, því að bílar voru sameiginlegt áhugamál þeirra beggja.

Ákærði segist ekki muna, hvort eiginkona hans, Hulda Sigurðardóttir, hafi farið að sofa eða verið með þeim um nóttina, en hann telur líklegra, að hún hafi farið að sofa, því að hún þurfti að vakna til vinnu um morguninn klukkan 8.

Ákærða minnir, að hann og kona hans hafi farið út að labba um morguninn. Ákærði heldur, að Stefán Egilsson hafi ekki farið með þeim, heldur hafi hann verið úti í bíl sínum á meðan. Ákærði segist ekki vita, hve langt hann og kona hans gengu um morguninn né hvert þau fóru, en hann segir, að Stefán Egilsson muni

hafa komið á eftir þeim, þegar þau fóru aftur inn í forstofu hússins. Þar finnst ákærða sem Stefán ráðist aftan að sér og komi sér niður á hnén og hendurnar. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt hann, en talið, að þetta væri ókunnur maður, og hugsað um það eitt að koma honum út. Hann, þ. e. ákærði, segir, að sér hafi fundist þetta vera kynvillingur, og kveðst hafa „umpólast“ eða nánar útskýrt farið úr sambandi.

Ákærði segist vita það fyrir víst, að hann hafi komið manningnum út og lokað hurðinni.

Þegar þetta hafði skeð, sótti ákærði haglabyssuna, eins og að framan er frá greint.

Eiginkona Ákærða, Hulda Sigurðardóttir, kom fyrir dóm í máli þessu sem vitni hinn 31. janúar 1973.

Vitnið segist hafa komið heim úr vinnunni klukkan 2015 laugardaginn 27. janúar 1973. Þá voru þar fyrir eiginmaður vitnisins, Guðni Óskarsson, sem er ákærði í máli þessu, og Stefán Egilsson, Volaseli. Vitnið segist ekki hafa séð, að þeir hefðu drukkið áfengi þá. Vitnið tók til matarbita og gaf þeim að borða. Um klukkan 2100 byrjuðu þeir Guðni og Stefán að drekka áfengi, og virtist vitninu mjög hóflega af stað farið í drykkjunni og allt vera eðlilegt þeirra á milli sem endranær, enda voru þeir mjög góðir vinir.

Um klukkan 0200 fór vitnið að sofa, en áður spurði vitnið þá ákærða og Stefán, hvort ekki væri allt í lagi, og sögðu þeir það vera. Vitnið bað þá að vera rólega og hafa ekki hátt, og virtist því þeir vera eðlilegir og rólegir. Síðan fór vitnið að sofa. Um klukkan 0600 um morguninn vaknar vitnið við, að þeir eru farnir að kýta og stimpast.

Vitnið segist þá strax hafa reynt að fá þá til að hætta þessu, vera rólega og fara að sofa. Vitnið tók síðan tvo svefnpoka og ætlaði að fá Stefán Egilsson til að sofa á þeim í herberginu, sem þeir höfðu verið í við drykkju um nóttina. Vitnið segir, að bæði það og ákærði hafi reynt að róa Stefán og koma honum í svefn, en hann hafi reynst ófáanlegur til þess, óviðráðanlegur með öllu og út úr drukinn. Áður hafði ákærði beðið vitnið að spæla egg handa þeim. Vitnið spældi 4 egg og framreiddi þau á diska, 2 handa hvorum, Guðna og Stefáni. Vitnið segir, að ákærði hafi borðað sinn skammt af eggjunum, en Stefán hafi leift sínum skammti að langmestu eða öllu leyti. Vitnið segir, að skömmu eftir það hafi ákærði beðið það að hringja á lögregluna og biðja hana að fjarlægja Stefán, en þetta gerðist áður en þau reyndu að koma Stefáni í svefn.

Vitnið kveðst ekki hafa náð sambandi við lögregluna þá. Vitnið segir, að skömmu eftir að það og ákærði reyndu að koma Stefáni í svefn, eins og að framan greinir, hafi ákærði allt í einu kippt Stefáni úr stól og fram á gang, þar sem átök hófust aftur með þeim. Vitnið segir, að þeir hafi átt í orðasennu og hafi skammir farið á milli þeirra. Vitnið segist ekki muna, hvað þeir sögðu, enda hafi það talið, að um marklaust hjal ölóðra manna væri að ræða.

Vitnið segist þó muna örugglega eftir því, að ákærði hafi talað um, að Stefán hafi leitað á sig kynferðislega. Þetta var undir lokin í viðureign þeirra, og virtist vitninu þá sem algert æði hefði gripið ákærða. Vitnið reyndi eftir mætti að róa þá og fá þá til að hætta átökunum.

Vitnið segir, að ákærði hafi beðið það að ná í lögregluna aftur, tvisvar sinnum, að því er það telur, en síminn hjá lögreglunni svaraði ekki. Vitninu tókst þó eftir nokkrar tilraunir að ná í Ingólf Waage lögregluþjón í heimasíma hans, en þá var ákærði búinn að skjóta með þeim afleiðingum, sem fyrr er frá greint.

Eftir að átökin milli ákærða og Stefáns hófust frammi á ganginum, fór dóttir ákærða og vitnisins, 5 ára gömul, sem svaf í hjónaherberginu, að rumska. Vitnið fór þá til barnsins, reyndi að róa það og segist hafa hugsað um það fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að barnið yrði vitni að viðureign þeirra.

Skömmu síðar kom ákærði inn í hjónaherbergið og tók haglabyssu, sem þar var. Vitnið spurði ákærða, hvað hann ætlaði að gera með byssuna, en hann svaraði því til, að hann ætlaði ekki að skjóta úr byssunni.

Þegar hér var komið sögu, var ákærði búinn að henda Stefáni út og læsa útidyrnunum, en Stefán vildi komast inn aftur og barði látlaust á hurðina. Vitnið segist ekki geta gert sér grein fyrir því, hve lengi Stefán barði á hurðina, en segir, að það hafi verið dálitla stund.

Ákærði fór síðan aftur inn í svefnherbergi þeirra hjónanna, og virtist vitninu, að hann væri þá í æðisgengnu ástandi og að hann væri að leita að einhverju, og datt því í hug, að hann væri að leita að skotum. Hann æddi fram hjá vitninu, sem var þá frammi á gangi í svefnherbergisálmu hússins með fyrrnefnt barn þeirra hjóna, sem þá var vaknað, og til baka aftur. Ekki sá vitnið, að ákærði væri með skotfæri, en það kveðst þá hafa verið komið í svo mikið uppnám, að það hafi átt erfitt með að gera sér grein fyrir þeim hlutum, sem þá skeðu.

Rétt á eftir heyrði vitnið skot, það heldur, að um eitt skot hafi verið að ræða, en segir, að þau geti hafa verið fleiri en eitt og fleiri en tvö.

Vitnið segist þá hafa farið fram í forstofu til þess að hringja í símann. Þar frammi var haglabýssan, sem vitnið tók og faldi undir rúmi í herbergi sonar þeirra hjónanna, sem ekki var heima þessa nótt.

Þá var ákærði kominn inn í eldhús.

Þegar vitnið hafði náð í lögregluna í símann, tók það barnið og fór með það rakleiðis til mótuneytis Kaupfélags Austur-Skaftfell-inga, þar sem vitnið vann.

Vitnið segist hafa orðið þess vart, þegar það fór út úr húsinu, að lík Stefns Egilssonar muni hafa legið til hliðar við tröppurnar. Ekki tók vitnið eftir því, hvort blóð var þá í anddyri hússins, né heldur hvort krossviðarplatan, sem átti að vera í útidyrarhurðinni, var horfin þaðan.

Vitnið veit ekki, út af hverju misklíðin reis á milli ákærða og Stefáns þá um nóttina, enda var það sofandi, er hún hófst.

Vitnið segir, að ákærði hafi farið til Reykjavíkur til lækninga í nóvember 1972 og komið heim skömmu fyrir jól. Eftir það segir vitnið, að sér hafi virst sem hann þyldi minna áfengismagn en áður og gleymdi sér fyrr, þegar hann neytti áfengis. Hann hafi ekki verið í eins miklu jafnvægi og áður og uppstökkari eftir heimkomuna.

Vitnið segist vita til þess, að ákærði hafi notað sterk meðul, meðan á læknameðferðinni í Reykjavík stóð, en að hann hafi hætt að nota meðulin eftir síðustu áramót, að því er vitnið veit best.

Vitnið Hulda Sigurðardóttir, eiginkona ákærða, fædd 4. mars 1931, var kvödd aftur fyrir dóminn miðvikudaginn 18. apríl 1973.

Dómarinn skýrði Huldu Sigurðardóttur þá frá því, að hann teldi nauðsynlegt að spyrja hana frekar um ýmis atriði málsins. Hún skoraðist þá undan frekari vitnisburði í málinu samkvæmt 1. tl. 89. gr. laga nr. 82/1961.

Vitnið Tómas Tómasson, Lönguhlíð, Vallahreppi, Suður-Múla-sýslu, skýrir svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 1973 hafi það verið að aka bifreiðinni Z 844, eign Eiríks Sigfinnssonar, Stóru-Lág, Nesjahreppi, og var eigandinn farþegi í bifreiðinni. Milli klukkan 0600 og 0700 um morguninn ók vitnið á Höfn í Hornafirði áleiðis að Hótel Höfn. Ætlunin var, að Eiríkur Sigfinnsson færi að tala við Stefán Egilsson, sem hann vissi, að var

þá staddur hjá ákærða að Miðtúni 23, til þess að fá hjá honum, þ. e. Stefáni, áfengisflösku, sem Eiríkur átti hjá honum.

Þegar þeir voru komnir á móts við Miðtún 23, sáu þeir, hvar maður stóð á dyrapalli hússins, og virtist vitninu, að hann væri að reyna að komast inn í húsið, en dyrnar voru lokaðar.

Vitnið segist hafa séð kvenmann á hreyfingu inni í ganginum innan við útidyrnar, inn um glugga, sem er hægra megin við útidyrnar. Vitnið stöðvaði bifreiðina á móts við húsið, en Eiríkur fór út úr bifreiðinni og ætlaði að ná tali af Stefáni, sem átti að vera þarna inni. Eiríkur var undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölv-aður, að því er vitnið telur. Eiríkur fór á milli tveggja rússajappa, sem stóðu þarna fyrir framan húsið, og staðnæmdist þar.

Ekki vissi vitnið, hvað Eiríkur gerði, en hann kom til baka að bifreiðinni eftir fáein augnablik. Rétt í því heyrði vitnið skothvell og sá, að blossi kom upp undir þakskeggi hússins, og þegar það leit á útidyrnar, sá það, að komið var gat ofarlega á hurðina. Um leið og þetta skeði, var Eiríkur að setjast inn í bifreiðina. Vitnið sá manninn, sem fyrr er nefndur, standa á dyrapallinum, og var hann að rjála við hurðarhúninginn á útidyrnunum (sic), á meðan þetta gerðist, og sneri baki að vitninu.

Um leið og Eiríkur Sigfinnsson settist inn í bifreiðina, spurði vitnið hann, hvort þessi maður væri Stefán, og svaraði Eiríkur, að svo væri. Vitnið spurði þá Eirík, hvort hann hefði talað við Stefán, en Eiríkur kvaðst hafa kallað til hans og beðið hann að koma, en Stefán hafi sagt „bíddu við“.

Síðan spurði vitnið Eirík um, hvort þeir ættu ekki að fara til lögreglunnar, því eitthvað væri að ske þarna. Þegar vitnið ætlaði að aka bifreiðinni aftur á bak, sá það, að gluggatjöldin hreyfðust í glugga, sem er vinstra megin við útidyrnar, næst hurðinni. Rétt í því heyrði það annan hvell, en sá engan blossa, og sá, að Stefán stóð enn á dyrapallinum.

Þegar vitnið hafði keyrt aftur á bak og út á götuna, fór bifreiðin ekki af stað vegna hálku. Ók vitnið þá lengra aftur á bak, og náði það þá bifreiðinni af stað. Vitnið telur, að þetta hafi tekið um 1 mínútu. Þegar bifreiðin var komin aftur á móts við hús ákærða, sá vitnið, að á efri helmingi útidyranna (sic) var komið stórt op og að maður stóð fyrir innan hurðina með byssu á lofti og sneri út og í áttina til þeirra, en Stefán stóð á pallinum, þar sem hann hafði staðið áður. Síðan heyrði vitnið þriðja hvellinn, og datt því þá í hug, að skot kynni að lenda í bifreiðinni, sem það var í. Það stöðvaði því ekki bifreiðina, en ók rakleiðis heim til Guðmundar

Svavarssonar, þar sem Eiríkur fór úr bifreiðinni, bankaði og tilkynnti Guðmundi, hvers þeir hefðu orðið varir. Eftir þetta ók vitnið sömu leið til baka, fram hjá húsinu nr. 23 við Miðtún. Þar sáu þeir engan, en útidyráhurðin var opin í hálfa gátt.

Eins og að framan greinir, segir vitnið Tómas Tómasson, að það hafi heyrt 3 skothvelli, þegar það var fyrir utan hús ákærða aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 1973. Vitnið segir enn fremur, að það geti ekki sagt um það, hvort stóra opið hafi verið komið á útidyráhurðina, þegar það heyrði miðhvellinn.

Vitnið Eiríkur Sigfinnsson var farþegi í bifreiðinni Z 814, sem vitnið Tómas Tómasson ók aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar s.l., eins og fyrr er frá greint.

Þegar þeir voru komnir á móts við Miðtún 23, sá vitnið Eiríkur Stefán Egilsson standa á dyrapalli hússins.

Þá það vitnið Eiríkur vitnið Tómas að stöðva bifreiðina, því að það ætlaði að tala við Stefán. Fór vitnið Eiríkur þá út úr bifreiðinni og rétt frá henni. Heyrði það þá, að Stefán var að kalla í einhvern inni í húsinu, en heyrði ekki orðaskil. Vitnið kallaði þá til Stefáns og það hann um að tala við sig. Sneri Stefán sér þá við, kallaði til vitnisins og það það að biða. Síðan sneri Stefán sér aftur að hurðinni, og heyrði vitnið hann þá kalla á ákærða og biðja hann að tala við sig. Sýndist vitninu, að Stefán væri blóðugur í framan. Gekk vitnið þá að bifreiðinni og ætlaði að fara að setjast inn í hana, þegar það heyrði skothvell. Ekki gerði vitnið sér grein fyrir því, sem skeð hafði, en þegar það leit við, telur það, að Stefán hafi staðið fyrir neðan dyrapallinn, en kveðst þó ekki geta fullyrt um, hvort hann stóð þá á dyrapallinum eða fyrir neðan hann. Síðan settist vitnið inn í bifreiðina og sagði vitninu Tómasi, að ekið skyldi til Guðmundar Svavarssonar lögregluþjóns. Það var mikil hálka í götunni, og um leið og lagt var af stað, heyrði vitnið Eiríkur annan skothvell. Voru þeir þá komnir það langt, að ekki sást inn í skotið, þar sem Stefán stóð við útidyrnar, að því er vitnið telur, en það var þá að tala við vitnið Tómas og sneri frá húsinu. Vitnin Eiríkur Sigfinnsson og Tómas Tómasson fóru síðan til Guðmundar Svavarssonar lögregluþjóns, og tilkynnti vitnið Eiríkur honum um það, sem fyrir vitnin hafði borið, eins og áður er frá skýrt.

Vitnið Eyrún Steindórsdóttir, starfsstúlka hjá Hótel Höfn, Hornafirði, hefur skýrt svo frá orðrétt: „Ég var á leið upp á hótél þ. 28. 01. 1973, og með mér voru systur mínar, þær Ragna, Guðný og Aðalbjörg. Einnig var með okkur Una Magnúsdóttir.

Ég veit ekki, hvað klukkan var, þegar við gengum fram hjá húsi nr. 23 við Miðtún, en þá sá ég, að útidyr hússins voru opnar, og lá Guðni Óskarsson á gólfinu í ganginum, og lá hann ofan á öðrum manni, sem ég áleit vera Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, þar sem billinn hans var fyrir utan húsið. Enn fremur sá ég konu Guðna standa yfir þeim, og var hún með símtól í hendinni. Heyrði ég Guðna spyrja þann, sem undir var, hvort hann ætlaði ekki að fara út, en hinn svaraði því neitandi.

Ekki stoppuðum við neitt þarna og héldum síðan áfram upp á hótél, og vantaði þá klukkuna 10 mínútur í 07.00. Ekki heyrði ég neinn óvenjulegan hávaða á leiðinni upp á hótél.“

Vitnið Guðný Steindórsdóttir, systir vitnisins Eyrúnar, hefur borið vætti um þennan síðastnefnda atburð, og er framburður þess mjög samhljóða framburði vitnisins Eyrúnar Steindórsdóttur, sem rakinn hefur verið hér að framan.

Vitnið Guðný Steindórsdóttir segist ekki hafa litið á klukku, þegar það kom upp á hótelið á Höfn að morgni sunnudagsins 28. janúar s.l., en segist hafa heyrt Aðalbjörgu systur sína segja, að klukkuna vantaði þá 8—10 mínútur í 0700. Vitnið Aðalbjörg Steindórsdóttir, starfsstúlka í frystihúsi Kaupfélags Austur-Skaftfell-inga, var samferða vitnunum Eyrúnu Steindórsdóttur og Guðnýju Steindórsdóttur eftir Víkurbraut og upp á Hótél Höfn sunnudagsmorguninn 28. janúar.

Framburður vitnisins um atburð þann, sem þær systur urðu vitni að á móts við húsið nr. 23 við Miðtún, er mjög samhljóða framburði vitnanna Eyrúnar og Guðnýjar.

Þegar vitnin voru komin upp á Hótél Höfn, segir vitnið Aðalbjörg, að sína klukku hafi vantað 10 mínútur í 0700, en tekur fram, að klukkan hafi getað verið of sein, því að vitnið heyrði aðra systur sína segja klukkuna 0654.

Vitnið Una Magnúsdóttir, starfsstúlka á Hótél Höfn, Hornafirði, var samferða vitnunum Aðalbjörgu, Guðnýju, Eyrúnu og Rögnu Steindórsdætrum.

Hún skýrir svo frá orðrétt:

„Um kl. 06.50 á sunnudag 28. 01. 1973 var ég ásamt Aðalbjörgu, Guðnýju, Eyrúnu og Rögnu Steindórsdætrum að fara til vinnu okkar að Hótél Höfn, og gengum við Víkurbraut. Á móts við Miðtún 23 sá ég ásamt hinum stelpunum, að útidyr voru opnar, og voru þar tveir menn liggjandi á gólfinu í ganginum.

Sá, sem lá ofan á og hélt hinum, var ljóshærður með þunnt hár.

Heyrði ég þann segja við hinn, sem undir var, hvort hann ætl-

aði ekki að fara út, en sá, sem undir var, svaraði því neitandi, með þvingaðri röddu, að mér fannst. Einnig sá ég konu standa yfir þeim, og hélt hún á símtóli í hendi.

Við gengum í hægðum okkar fram hjá húsinu og síðan upp á hótél. Var klukkan á mínútunni 07.00, er ég kom inn á hótelið. Ég heyrði engan hvell né annan hávaða á leiðinni frá nefndu húsi og upp á hótelið.“

Vitnið Ragna Steindórsdóttir, starfsstúlka á Hótél Höfn, var samferða systurum sínum, vitnunum Aðalbjörgu, Eyrúnu og Guðnýju Steindórsdætrum, og vitninu Unu Magnúsdóttur upp á Hótél Höfn að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973. Framburður þessa vitnis er mjög samhljóða framburði vitanna Aðalbjargar, Eyrúnar og Guðnýjar Steindórsdætra.

Vitnið giskar á, að þær hafi verið um 5 mínútur að ganga frá Miðtúni 23 að Hótél Höfn.

Hinn 31. janúar 1973 var lík Stefáns Egilssonar, Volaseli, fædds 19. janúar 1940, krufið á Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, Reykjavík. Krufninguna framkvæmdi Bjarki Magnússon læknir, en Þorkell Jóhannesson prófessor framkvæmdi réttarefnasfræðilegt mat. Þetta mat leiddi í ljós, að alkóhólmagn í blóði var 2.90‰, en 4.00‰ í þvagi. Maðurinn hefur því greinilega verið ölvaður.

Niðurstaða krufningarskýrslu er þessi.

„Við krufninguna fannst gat (innskotsop) vinstra megin á brjóstvegg, er mældist $6,5 \times 5$ cm, og allmörg lítil sár, eftir einstaka högl, hægra megin við aðalinnskotsopið. Undir húð og fitulagi, vinstra megin við innskotsopið, liggur forhlað úr haglaskoti. Hluti úr hjartanu er tættur í burtu, og mikið blóð er í vinstra brjóstholfi. Áverkar þessir eru í samræmi við það, að skotið hafi verið á manninn úr haglabyssu úr mjög stuttri fjarlægð. Þúðurbletturinn í vinstri lófa við sárið staðfestir, að vinstri hönd Stefáns hefur verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og sýnir, að ekki hefur fjarlægðin frá innskotsopinu á brjóstakassa verið meiri en sem nemur handleggslengd. Stefán mun hafa látist samstundis.“

Í krufningarskýrslunni segir enn fremur.

„Líkið er af 169 cm háum grannvöxtum vel vöxnum karlmanni. Líkið er alstirt. Mjög daufir blárauðir líkblettir eru dreyfðir um bakhluta líksins. Á vinstra brjósti 2,7 cm fyrir neðan vinstri geirvörtu er gat í brjótveggnum, sem mældist $6,5 \times 5$ cm, og upp að því gati frá hæl eru 120,5 cm.“

Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson lögregluþjónn skýrir á eftirfarandi hátt frá mælingu á útidyrarhurð hússins nr. 23 við Miðtún þriðjudaginn 30. janúar 1973:

„Mál upp í gat á spjaldi því, er var í hurðinni að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, reyndist vera 1,64 cm. Ennfremur reyndist mismunurinn á palli utan dyra vera, miðað við þröskuld, 31 cm, og pallurinn er 34 cm hærri en jörðin.“

Haglabyssan, sem fannst á heimili ákærða að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973, var fengin tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík til athugunar og rannsóknar.

Vitnið Njörður Snæholm aðalvarðstjóri lýsir byssunni þannig: „Parna er um að ræða haglabyssu, cal. 12, Model 400, V. 53823, Harrington og Richardson Inc., Worcester, Mass., U.S.A., sem er einhleyp pumpabyssa. Hlauplengd 69,5 cm. Heildarlengd 122 cm.

Gúmmískór er á skefti. Framsikti er svokallað kornsikti. Aftursikti er rauf í sjálft láshúsið. Öryggi er ofan á láshúsinu aftur við skefti, og er það sett á og tekið af með þumalfingri. Það er ekki sjálfvirkt og fer því ekki á, þegar byssan er hlaðin, eins og á mörgum nýrri tegundum.

Undir aftari helmingi hlaupsins er járnör og í því gormur, en í þetta ör eru skotin látin. Utan um rörið er tréhólkur og í honum járnteinn, sem gengur aftur í lásbúnaðinn í láshúsinu, milli afturenda hlaups og skeftis, en neðan á láshúsinu er op og í því skinna með fjöður. Skinnan lokar opinu, en þarna í gegn eru skotin sett inn í undirrörið, sem tekur 5 skot.

Á hægri hlið láshúss er op fyrir tómu skothylkin. Gikkurinn er neðan á láshúsinu, aftan við hleðsluopið, og yfir honum er gikkhlífin.

Þegar hlaðið er, er skinnunni ýtt inn og skotunum ýtt fram í undirrörið einu í einu, og síðan leggst skinnan niður og lokar. Ekki þarf að fylla rörið. Það má setja í það eitt skot í einu eða fleiri.

Tréhólkurinn (pumpan) er nú dregin aftur og ýtt til baka fram, en þá kemur skot upp í hlaupið, lásinn lokast, og gikkurinn er spenntur. Hafi öryggið verið sett á, er það tekið af og tekið í gikkinn, en þá ríður skotið af. Þá er pumpan dregin til baka, lásinn opnast, og tóma skothylkið kastast út. Pumpan fram, nýtt skot kemur í hlaupið, og lásinn lokast.

Þannig gengur þetta, þar til byssan er tóm. Það þarf því ekki að taka nema nokkrar sekúndur að tæma, þ. e. skjóta öllum 5 skotunum úr byssunni, sem er í góðu lagi.“

Sama vitnið hefur prófað hagladreifingu byssunnar þann 18. júní 1973.

Í skýrslu vitnisins um það segir m. a.:

„Í dag fór ég svo ásamt Ragnari Vigni, aðalvarðstjóra, upp á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, og þar prufuðum við byssuna á ýmsum vegalengdum. Til að skjóta í var notast við bárupappa með sléttu hliðina út.

Þannig kom þetta út.

1. Færi 65 cm: gat 3×3 cm: Púðursvæði $6,8 \times 7,5$ cm.
2. — 65 cm: skotið á masonite 5 mm, 3×3 cm.
3. — 100 cm: gat stærð $4,2 \times 3,7$ cm.
4. — 140 cm: gat stærð $4,5 \times 3$ cm.
5. — 200 cm: gat stærð 6×3 .
6. — 65 cm: gat stærð $3,3 \times 3,5$ 45 gráðu halli.
7. — 100 cm: gat stærð $4,2 \times 3,5$ 45 gráðu halli.
8. — 200 cm: gat stærð 5×4 , 45 gráðu halli.
9. — 300 cm: gat stærð $4,5 \times 4,5$. Hagladreifing $8,5 \times 11$ cm.
10. — 400 cm: gat stærð $4,5 \times 4,8$. Hagladreifing 14×14 cm.

Ástæðan fyrir því, að við skutum þremur profuskotum með 45 gráðu halla, þ. e. frá hlið á spjöldin, er sú, að við ætluðum að ganga úr skugga um, hvort það breytti einhverju með skotgatsstærðina. Púðursvæði hvarf, eftir að kom upp í 100 cm, og þá byrjaði að bera á hagladreifingu. Færið 65 cm er lengdin frá þumal-fingurshandarvöðva mínum í brjóst neðan brjóstvörtu í báðum tilfelloðum vinstra megin, en ég er 186 cm á hæð.“

Vitnið Ragnar Vignir aðalvarðstjóri hefur gefið samhljóða skýrslu um hagladreifingu byssunnar.

Skotgatið á krossviðarspjaldinu, sem var í útihurð á húsi ákærða nr. 23 við Miðtún á Höfn, reyndist vera 22 mm í þvermál samkvæmt mælingu vitnanna Njarðar Snæhólms og Ragnars Vignis. Þvermál haglabyssuhlaupsins að framan reyndist vera 21 mm, en 24.4 mm yfir siktið, sem er 11 mm frá brún hlaupsins.

Vitnin Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir telja útilokað, að fleiri en einu skoti hafi verið skotið í gegn um krossviðarspjaldið, sem greint er frá hér að framan.

Með hliðsjón af samanburði á mælingu vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavarssonar á útihurð og palli hússins nr. 23 við Miðtún annars vegar og lengdinni frá hæl líks Stefáns heitins að inn-skotsopinu á brjóstakassa hans hins vegar verður einnig að telja

útilokað, að skotið, sem fór í gegnum krossviðarspjaldið, hafi orðið honum að bana.

Ákærða hefur verið sýnd framangreind haglabýssa í dóminum hinn 18. október s.l. Í tilefni af því sagði ákærði, að hann ætti byssuna og að hann hlyti að hafa skotið úr henni 2 skotum að morgni hins 28. janúar 1973, enda hafi ekki verið um aðra haglabýssu að ræða á heimili hans.

Vitnið Njörður Snæhólm telur, að það sé rétt, sem kemur fram í krufningarskýrslunni, að skotið hafi verið á Stefán Egilsson úr stuttri fjarlægð.

Enn fremur telur vitnið, að púðurbletturinn í vinstri lófa við sárið staðfesti, að hönd Stefáns hafi verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og að fjarlægð byssunnar frá opinu á brjóstkaða Stefáns Egilssonar hafi varla verið meiri en sem nemur handleggslengd hans.

Vitnið Ragnar Vignir segist ekki geta sagt um, hversu langt bil hafi verið milli byssuhlaupsins og brjóstkaða Stefáns Egilssonar, þegar banaskotið reið af, en telur, að byssuhlaupið hafi ekki verið fast við brjóstkaðann, vegna þess að dreifingin á höglunum hafi verið það mikil. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort Stefán hafi haldið um hlaupið, en telur öruggt, að högl hafi svipt í sundur armband á úri hans, þegar banaskotið reið af.

Með bréfi, dags. 24. febrúar 1973, var Kleppsspítalanum í Reykjavík falin rannsókn á sakhæfi ákærða.

Rannsókn þessa framkvæmdi Ólafur Grímsson, læknir á Kleppsspítalanum, ásamt Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi.

Í álitserð Ólafs Grímssonar læknis, dags. 10. maí 1973, er í stórum dráttum rakinn æviferill ákærða, sem ólst upp í foreldrahúsum á Höfn í Hornafirði, elstur í hópi sex systkina.

Þar segir einnig, að heimili foreldra hans hafi verið sæmilega efnum búið, enda hafi báðir foreldrar hans verið vinnusamir og duglegir.

Sambúð og samlyndi á heimilinu var misfelltalaust, og samband sitt við foreldrana telur ákærði, að hafi verið allgott og ekki hallast á, hvað viðvæk föður eða móður.

Hann lýsir sjálfum sér sem yfirleitt skapgóðum og jafnlyndum, en kveðst alltaf hafa þjáðst af talsverðri minnimáttarkennd.

Ákærði gekk í barnaskóla á Höfn í Hornafirði og lauk þaðan fullnaðarprófi með frekar lélegri einkunn, að því er hann segir. Hann kveðst hafa haft takmarkaðan áhuga fyrir frekara námi, þegar hann lauk barnaskólaprófi, enda telur hann sig litla upp-

örvun hafa fengið í þá átt og ekki hafi verið um mikið að velja á staðnum til framhaldsnáms í þá daga. Síðar á ævinni kveðst hann oft hafa leitt hugann að því, hvers hann hefði farið á mis, hvað menntun viðvæk, en þá var ekki tækifæri til frekari menntunar.

Fljótlega eftir að skólagöngu lauk, hóf ákærði ýmiss konar störf, og 16 ára gamall var hann a. m. k. fullgildur í algenga verkamannavinnu, en 18 ára gamall festi hann kaup á vörubíl ásamt föður sínum.

Stundaði hann síðan akstur og rekstur vörubíls fram til ársins 1960. Þá réðst hann til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og ók þar í fyrstu mjólkurbíl, en síðan vörulyftara. Lagði hann oft hart að sér á þeim árum, og frá árinu 1962 kveðst hann hafa haft aukavinnu við fólksflutninga á eigin bíl.

Árið 1968 er ákærði hættur störfum hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga og hafði þá fest kaup á 13 manna bifreið til fólksflutninga. Síðan hafði hann fólksflutninga að aðalstarfi, en þessi atvinnurekstur hefur dregist nokkuð saman síðustu árin vegna bættra flugsamgangna.

Árið 1950 hóf ákærði sambúð með jafnöldru sinni og verðandi eiginkonu, Huldu Sigurðardóttur. Þau gengu í hjónaband árið 1961 eða 1962. Ákærði telur sambúð þeirra hjóna hafa verið hnökralausa öll sambýlisárin. Hann telur eiginkonu sína hafa gott skaplyndi og vera hófsmanneskju. Síðustu 2—3 árin hefur hún unnið við mótuneyti Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

Þau hjónin hafa eignast 3 börn, son fæddan 1951, sem er við nám í Kennaraskóla Íslands, annan son, fæddan 1960, og dóttur, fædda 1967. Börn sín telur ákærði vel heppnuð og að samband hans við þau hafi alltaf verið með ágætum.

Ákærði hóf byggingu íbúðarhúss, 120 m² að stærð, árið 1946. Hefur fjárskortur tafið fyrir byggingarframkvæmdum, en hann telur, að byggingunni sé að mestu leyti lokið og kveðst standa við allar skuldbindingar sínar á fjámálasviðinu.

Í álitserð segir enn fremur, að allt frá árinu 1963 hafi ákærði haft óþægindi af og til vegna bólgu í kinnholum. Hann kveðst hafa óþægindi í höfði nær stöðugt, frá árinu 1965 a. m. k. Hann lýsir óþægindunum sem stöðugum æðaslætti, einkum vinstra megin í höfði, og staðsetur þau frá gagnauga og út í vinstra eyra aðallega. Hann telur óþægindi þessi eiga nokkurn þátt í svefnörðugleikum, sem hann hafi haft hin síðari ár. Hann kveðst hafa gripið til þess ráðs í auknum mæli að deyfa sig með áfengi eftir vinnu á kvöldin.

Ákærði kveðst hafa byrjað að neyta áfengis 18—20 ára gamall, skvetti þá í sig á laugardagskvöldum stöku sinnum. Síðar kveðst hann hafa fengið sér afréttara á sunnudagsmorgnum eftir drykkju kvöldið áður. Ákærði er annars tregur til að gefa ákveðnar upplýsingar um áfengisneyslu sína á seinni árum, en telur hana hafa farið vaxandi með árunum.

Upplýsingar um stig ölvunarástands liggja heldur ekki á lausu, en hann viðurkennir, að það hafi hent áður, að hann hafi í ölvunarástandi framið verknaði, sem hann síðar, þegar runnið var af honum, hafi ekki munað eftir og furðað sig á, að hann skyldi hafa framkvæmt.

Enn fremur segir svo um ákærða í álitserð Ólafs Grímssonar læknis:

„Almenn líkamleg skoðun.

Þetta er rúmlega meðal maður að hæð, sem svarar sér vel að vexti.

Það var ekkert athugavert að finna við líkamlega skoðun, nema nokkur þrýstingseymсли yfir vinstri kinnbeinsholu. Blóðrannsókn: Blóðrauði eðlilegur. Sökk eðlilegt. Hvít blóðkorn eðlileg. Hjartalínurit eðlileg. Heilalínurit sýndi ekkert með vissu óeðlilegt.

Geðskoðun.

Vart verður við talsverðan kvíða og spennu, sem hann reynir þó að hafa vald á. Greina má á köflum nokkurn söknuð og hryggð vegna liðinna atburða. Hann reynir þó jafnharðan að harka af sér og bæla niður tilfinningar sínar. Í byrjun virtist Guðni frekar innilokaður og gaf ekki gjarnan færi á sér. Dómgreind Guðna virtist ekki skert. Talaði yfirleitt skýrt og gerði sér far um að vanda málflutning sinn. Hann átti í nokkrum erfiðleikum með að segja frá atburðarrás í samhengi.

Af viðtölum virtist mega marka, að minni Guðna væri í slöku meðallagi, ekki aðeins í sambandi við nýliðna atburði, heldur og löngu liðna. Það virtist stundum sem Guðni gripi til þess að fylla upp í eyðurnar, þar sem minni var ábótavant, en það var þó ekki áberandi, að hann reyndi meðvitandi í þessu skyni að gera sinn málsstað betri. Guðni er fyllilega áttaður í tíma og rúmi og virðist gera sér ljósa grein fyrir afleiðingu verknaðar síns. Það hefur ekki orðið vart ranghugmynda eða ofskynjana.“

Niðurstöður af sálfræðirannsókn Gylfa Ásmundssonar.

„Guðni Óskarsson er 41 árs gamall maður, sem gengst undir rannsókn eftir að hafa orðið manni að bana, verulega drukkinn. Rannsókn þessi bendir ekki til, að Guðni sé haldinn neinum ein-

kennum um geðveiki (psychosis), truflun á miðtaugakerfi, fávita-hátt eða meiri háttar taugaveiklun. Hann er meðalgreindur, að vísu skortir fulla greindarnýtingu við núverandi kringumstæður vegna einbeitingarferfiðleika, spennu og kvíða.

Að skapgerð er hann hrifnæmur, örgeðja, haldinn nokkurri vanmetakennd og hefur tilhneigingu til að vera öðrum tilfinningalega háður. Hann bregst við ytra álagi einkum með bælingu og líkamlegum óþægindum. Í núverandi ástandi kemur fram nokkurt þunglyndi og órói. Persónuleiki Guðna og andlegt ástand verður að teljast innan eðlilegra marka þrátt fyrir vissa veikleika hjá honum, sem m. a. hafa leitt til óhóflegrar áfengisneyslu, sem vegna skapgerðar hans getur leitt til þess, að hann missi stjórn á skapsmunum sínum og dómgreind.“

Að lokum segir svo í álitserð Ólafs Grímssonar:

„Niðurstaða geðrannsóknar í stuttu máli er sú, að Guðni Óskarsson sé í meðallagi vel gefinn, með nokkuð veikbyggðan persónuleika, tilfinningalega frekar bældur og haldinn vanmetakennd, sem eykur kvíða og óróleika og tilhneigingu til líkamlegra kvartana. Skapgerðareiginleikar Guðna hafa átt þátt í vaxandi áfengisneyslu, sem komin er á slíkt stig, að hann undir bráðum ölvunaráhrifum missir stjórn á skapsmunum sínum og gjörðum.“

Niðurstaða geðrannsóknar á Guðna Óskarssyni hefur leitt til þess, að hann hlýtur að teljast sakhæfur.“

Með bréfi, dags. 1. júní 1973, óskaði verjandi ákærða eftir frekari álitserð um nokkur atriði varðandi rannsóknina á sakhæfi og geðheilbrigði ákærða.

Ólafur Grímsson læknir svaraði síðan athugasemdum þeim, sem fram komu í bréfi verjandans með framhaldsálitserð, dags. 11. júlí 1973.

Í henni segir meðal annars:

„Að Guðni taldi sig eltan af kynvilltum manni etc., er litið á sem ekkert einsdæmi um hugvillur hjá einstaklingi, sem er undir verulegum áfengisáhrifum.“

Síðan segir svo í álitserðinni:

„Ekki er að álit sérfræðinga hægt að álykta, að höfuðkvalir Guðna geti átt nokkurn þátt í atferli hans aðfaranótt 28. 1. 1973.“

Nákvæm rannsókn á heilsufari ákærða hefur farið fram samhliða rannsókn máls þessa að öðru leyti. Einkum hefur rannsókn þessi beinst að höfuðverk ákærða og orsökum hans.

Vitnið Stefán Jóhann Ólafsson, sérfræðingur í háls- nef- og eyrnasjúkdómum, hefur borið svohljóðandi vætti:

„Guðni Óskarsson, f. 24. 7. 1931, var lagður á Landakotsspítala 21. 4. 1973 vegna fyrirhugaðrar aðgerðar á vinstri kjálkaholi.

Þ. 25. 4. 1973 er í svæfingu gerð aðgerð á vinstri kjálkaholu utan frá, kemur þá í ljós, að kjálkaholan er full af skinnhúðarsepum og grefti.

Þetta er allt hreinsað út og skurðinum síðan lokað.

Sjúklingi heilsaðist mjög vel eftir aðgerðina. Fráleitt má teljast, að sjúkdómurinn í kjálkaholunum geti að nokkru leyti átt þátt í hans andlega ástandi.“

Samkvæmt frásögn ákærða fékk hann ekki fullan bata eftir þessa aðgerð. Af þeim sökum var hann til rannsóknar hjá Stefáni Skaftasyni, sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, ásamt heyrnarfræðingi.

Skýrir vitnið Stefán Skaftason læknir svo frá, að ákærði hafi legið á háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans frá 10. júlí 1973 til og með 11. júlí s. á. vegna langvarandi suðu í vinstra eyra. Niðurstaða rannsóknar vitnisins er, að um skemmd væri að ræða inni í kuðungi vinstra eyra ákærða. Sjúkdómur þessi, sem nefnist „morbus meniera“, er á vægu stigi. Að mati vitnisins hefur ákærði haft þennan sjúkdóm s.l. 10 ár.

Þá hefur ákærði einnig verið til rannsóknar og meðferðar hjá Óla Birni Hannessyni augnlækni. Samkvæmt vottorði hans, sem liggur frammi í málinu, fannst við skoðun þann 24. ágúst 1973 greinileg litubólga í hægri auga ákærða. Ákærði var nú settur á lyfjameðferð með góðum árangri.

Við síðasta eftirlit hinn 12. október 1973 var bólgan horfin og meðferð þá hætt.

Með ummerkjum á vettvangi, framburði vitna og framburði ákærða sjálfs þykir sannað, að ákærði hafi að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973 hleypt af tveimur skotum eða fleiri úr haglabyssu sinni í gegnum útidyr húss síns, þar sem hann vissi af Stefáni Egilssyni fyrir utan, og að annað eða eitt skotið hafi hæft Stefán í brjostið og orðið honum að bana. Með hliðsjón af mála-vöxtum verður að meta verknað þennan ásetningsverk. Sá ásetningur ákærða að fremja þennan verknað hefur þó ekki átt sér langan aðdraganda, heldur hefur hann orðið til vegna skyndilegs ójafnvægis í geði ákærða, sem má rekja til illdeilna þeirra Stefáns fyrir um morguninn.

Samkvæmt þeim gögnum, sem aflað hefur verið um andlegt heilbrigðisástand ákærða, hafa ekki verið fyrir hendi nein þau

atriði, sem leiði af sér, að sakhæfi ákærða verði dregið í efa, sbr. 15.—16. gr. almennra hegningarlaga.

Ber því að dæma ákærða refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga, og verður hún ákveðin fangelsi í 9 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 28. janúar s.l., alls 282 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 73/1973 ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00, og málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00, en af hálfu ákæruvaldsins sótti málið saksóknari ríkisins, Þórður Björnsson.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Óskarsson, sæti fangelsi í 9 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 28. janúar 1973, alls 282 dagar.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00, og málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
